

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps, nr. 251/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 40. gr. samþykktarinnar:

6. töluliður breytist og orðast svo: *Veitu- og framkvæmdanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal starfa samkvæmt erindisbréfi sem sveitarstjórn hefur staðfest. Veitu- og framkvæmdanefnd fer með málefni eignasjóðs og vinnur í samræmi við m.a. reglugerð um Hitaveitu Flúða nr. 729/2003, samþykkt um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010, lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, orkulög nr. 58/1967, lög nr. 81/2003 um fjarskipti, og að öðru leyti í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar og eftir því sem sveitarstjórn felur henni að öðru leyti.
7. töluliður fellur niður, tölusetning annarra liða breytist til samræmis við það.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur sett skv. 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast gildi.

Innviðaráðuneytinu, 3. janúar 2024.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.